

Reykjavík, 22. október 2021

Til Íslenskrar málnefndar

Við undirrituð höfum kynnt okkur skýrslu Íslenskrar málnefndar um kynhlutlaust mál (<https://islenskan.is/images/skyrslur/Skyrsla-um-kynhlutlaust-mal.pdf>) sem tekin var fyrir á stjórnarfundum nefndarinnar 4. október. Í fundargerð segir að skýrslan hafi verið „afgreidd af hálfu stjórnar Íslenskrar málnefndar“. Ekki er hægt að túlka það öðruvísi en svo að stjórnin sé sátt við skýrsluna, efni hennar og efnistöð, en augljóst er af texta í fundargerð, lengd fundarins og fjölda mála á dagskrá að skýrslan hefur ekki fengið ítarlega umfjöllun á fundinum.

Við teljum að þessi skýrsla sé á margan hátt ófullkomin og gefi villandi mynd af viðfangsefninu. Helstu athugasemdir okkar við hana eru eftirtaldar:

- Tilefni skýrslunnar er erindi frá málnefnd Stjórnarráðsins til Íslenskrar málnefndar um „hvort tilefni sé til að taka kynhlutlausu málnotkun í íslensku til skoðunar og þá hvernig það sé best gert“ eins og segir í fundargerð stjórnar Íslenskrar málnefndar 11. janúar sl. Þetta erindi var sent í framhaldi af fyrirspurn á Alþingi um stefnu um kynhlutlausu málnotkun í lagamáli og formlegum opinberum textum. Skýrslan er hins vegar skrifuð eins og hún eigi að taka til venjulegrar málnotkunar almennra málnotenda. Málnotkun í opinberum textum og í almennu máli er tvennt ólíkt og margar af athugasemdum og röksemdum skýrslunnar varða í raun fyrst og fremst almenna málnotkun sem er ekki það sem henni var einkum ætlað að fjalla um.
- Þrátt fyrir að umræða um kynhlutleysi í máli hafi aukist og margfaldast á allra síðustu árum eru flestar heimildir sem vísað er til í skýrslunni fimm ára eða eldri. Þess vegna eru þær sumar hverjar úreltar, en hitt er þó alvarlegra að margs kyns sjónarmið sem hafa verið sett fram á síðustu árum vantar alveg í skýrsluna. Því getur hún ekki endurspeglad nýjustu þekkingu, viðhorf, sjónarmið og hræringar á því sviði sem hún á að taka til. Einnig eru flestar heimildir sem vísað er til andsnúnar kynhlutlausri málnotkun en rita sem eru jákvæðari í garð kynhlutlausrar málnotkunar er sjaldnast getið. Þá eru dæmi um að valdar séu tilvitnanir sem benda á vandkvæði við kynhlutlausu málnotkun en öðrum sjónarmiðum í sömu ritum sleppt. Þetta er ótækt fræðilega og hægt að færa rök fyrir því siðferðislega að sérstaklega mikilvægt sé að sjónarmið jaðarsettra hópa fái rými í skýrslu eins og þessari.
- Andinn í skýrslunni í garð kynhlutlausrar málnotkunar er neikvæður – tínd til ýmis rök gegn kynhlutlausri málnotkun og vandkvæði sem henni fylgi sem sum hver koma málinu ekki við (s.s. kostnaður) og önnur eru órökstudd (s.s. stéttskipting og málótti), en lítið gert til þess að draga fram kosti kynhlutlausrar málnotkunar eða horfa á hana út frá upplifun og tilfinningu þeirra sem aðhyllast hana. Í skýrslu sem þessari er mikilvægt að einhliða málflutningur sé ekki settur fram eins og hlutlaust fræðilegt mat. Dæmi eru um að búinn sé til „strámaður“ – tiltekin afstaða eða viðhorf sett fram eins og það sé komið frá þeim sem styðja kynhlutlausu málnotkun, og rök færð gegn því, þótt sú afstaða eða viðhorf hafi hvergi komið fram. Þá má nefna að í skýrsluna vantar jafnvel fræðileg sjónarmið sem hvetja til hófsemi í kröfum um kynhlutlaust mál, til dæmis með vísan til hópa sem gætu átt erfiðara en aðrir með að breyta málnotkun sinni út frá félagslegum sjónarmiðum (fólk með málþroskaraskanir eða áunna erfiðleika til máls m.a.).

- Af skýrslunni mætti ætla að um sé að ræða val milli tveggja ósamrýmanlegra kosta – annars vegar að taka upp kynhlutlaust mál og hins vegar að halda í málhefð. En engin ástæða er til að líta þannig á málið. Breyting í átt til kynhlutlauss máls hlýtur að gerast smátt og smátt og getur vel orðið þannig að ekki sé um neitt skyndilegt rof á málhefð að ræða. Þótt víða komi fram í skýrslunni að hreyfing í átt til meira kynhlutleysis í máli sé hafin virðist skýrslan öll skrifuð út frá þeim forsendum að unnt sé að halda í fyrri stöðu án breytinga. Þetta er óraunhæft og í ósamræmi við fræðileg sjónarmið um eðli málbreytinga sem er einmitt fjallað um í skýrslunni – þessi þróun verður ekki stöðvuð eða snúið við. Ekki eru settar fram neinar hugmyndir eða tillögur um hlutverk stofnana og stefnumótandi nefnda á vegum hins opinbera geti í slíkum veruleika.
- Sáralítið er vísað til erlendar umræðu, en í ljósi þess að hreyfing í þá átt að auka kynhlutleysi í máli hefur verið áberandi í ýmsum málsamfélögum í kringum okkur á undanförunum árum hefði verið eðlilegt að vísa til þeirra tilrauna og leggja mat á hvort og hvernig hægt væri að draga einhverja lærdóma af reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Þótt íslenskt málkerfi hafi tiltekin sérkenni, þ.á m. ríkulegar beygingar, málfræðilegt kyn og sambeygingu, eru hliðstæður bæði til og mikilvægar í umræðunni. Til að mynda hefur mjög virk fræðileg umræða skapast um kyn og rómönsk mál, þar sem flækjustig í beygingum er að sumu leyti áþekkt íslensku. Þá eru spurningar um kynhlutleysi í íslensku samofnar mannréttindabaráttu hinsegin og sérstaklega kynsegin hópa, og mannréttindabaráttu í eðli sínu alþjóðleg. Í þessu ljósi er eðlilegt að fræðileg umræða um kynhlutleysi taki til félagsmálvísindalegra hugmynda um tungumál og vald, jaðarsetningu og sjálfsmynd.

Ítarlega umfjöllun um einstaka þætti skýrslunnar, þ. á m. rökstuðning fyrir framangreindum atriðum, er að finna hér á eftir. Aftast eru taldar þrjátíu heimildir frá síðustu fimm árum sem ástæða hefði verið til að hafa hliðsjón af – allar um íslensku og flestar á íslensku. Ef nýlegar erlendar fræðilegar heimildir um sama efni væru teknar saman líka myndi listinn síðan margfaldast.

Við teljum þessa galla svo marga og veigamikla að ótækt sé að skýrslan standi sem afstaða Íslenskrar málnefndar. Viðfangsefnið er mikilvægt og varðar sjálfsmynd og tilfinningar fjölda fólks og því nauðsynlegt að vandað sé til verka. Auk þess sem hér hefur verið nefnt er nokkuð af frágangsvillum í skýrslunni. Við förum þess því á leit við Íslenska málnefnd að hún vinni nýja skýrslu um efnið þar sem tekið verði ítarlega á því frá öllum hliðum, hlutleysis gætt og tiltækar heimildir nýttar. Við lýsum okkur fús til að taka þátt í gerð slíkrar skýrslu eða veita ráðgjöf við skýrslugerðina.

Jafnframt lýsum við furðu og vonbrigðum yfir því að ekki skuli vikið einu orði að kynhlutlausu máli í nýrri endurskoðun íslenskrar málstefnu sem á að gilda fram til 2030 (https://islenskan.is/images/Islenk_malstefna_sept_2021.pdf). Þetta er málefni sem er mikið til umræðu bæði hér á landi og erlendis og brennur á fjölmörgum málnotendum. Það tengist einnig mannréttindabaráttu viðkvæmra hópa eins og áður er nefnt. Í málstefnunni er aðeins talað almennum orðum um mikilvægi þess að orðfæri um mismunandi þjóðfélagshópa taki tillit til þess hvernig fólk í þessum hópum vill tala um sig sjálft. Þarna hefði þurft að kveða mun fastar að orði – óháð því hvaða skoðun Íslensk málnefnd hefur á kynhlutlausu máli er fráleitt að íslensk málstefna skili auðu um þetta efni. Nauðsynlegt hefði verið að fjalla um það og setja fram einhverjar hugmyndir um hvernig megi bregðast við þeirri þróun sem þegar er hafin. Við förum þess því á leit við Íslenska málnefnd að kafla um kynhlutlaust mál verði bætt við íslenska málstefnu 2021-2030.

Vinsamlegast,

Anton Karl Ingason, dósent

Dagbjört Guðmundsdóttir, doktorsnemi og stundakennari

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus

Gísli Rúnar Harðarson, nýdoktor

Hanna Óladóttir, lektor

Heimir F. Viðarsson, aðjunkt

Helga Birgisdóttir, aðjunkt

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir, doktorsnemi og stundakennari

Iris Edda Nowenstein, talmeinafræðingur, doktorsnemi og stundakennari

Lilja Björk Stefánsdóttir, málfræðingur og verkefnisstjóri

Sigríður Mjöll Björnsdóttir, Ph.D.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, málfræðingur og formaður Samtakanna '78

Nánari athugasemdir

Hér á eftir er farið gegnum skýrsluna frá upphafi til enda og gerðar athugasemdir þar sem við á. Til glöggvunar eru kaflafyrirsagnir skýrslunnar hafðar með ef eitthvað er fjallað um efni viðkomandi kafla.

Inngangsorð

Í inngangi skýrslunnar segir: „Stjórn Íslenskrar málnefndar lét taka saman eftirfarandi skýrslu um kynhlutlausla málnotkun. Meðal þess sem fjallað er um í skýrslunni er hvað er kynhlutlaust mál og hvað er hefðbundin íslensk málnotkun.“ Þrátt fyrir þetta er hvergi í skýrslunni að finna skýra skilgreiningu á *kynhlutleysi* og *kynhlutlausri málnotkun*. Æskilegt hefði verið að skilgreina þessi hugtök í byrjun til að umræðan yrði markvissari.

Kynhlutlaus málnotkun og hefðbundin málnotkun

Efst á bls. 3 segir:

Hugmyndir um kynhlutlaust mál hafa verið áberandi í skrifum femínista, Kvennaskirkjunnar og meðal kynsegin fólks sem fellir sig ekki að hefðbundinni tvíhyggju kynjakerfisins og finnur fyrir útilokun.

Þetta má skilja svo að það séu eingöngu þeir hópar sem þarna eru taldir sem fjalla um kynhlutlaust mál eða tala fyrir því. Jafnvel mætti skilja þetta svo að ekki sé um að ræða sérlega fjölmenna hópa, en því fer fjarri. T.d. má nefna að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykkti einróma árið 2018 „að titlar og heiti innan ráðsins yrðu uppfærð með það að leiðarljósi að draga úr kynjaðri orðræðu“ (<https://www.facebook.com/Studentarad/posts/1984126101600667>). Einnig hefur Ríkisútvarpið stuðlað verulega að kynhlutlausri málnotkun þótt þar sé ekki um að ræða yfirlýsta stefnu (<https://www.visir.is/g/20212110473d>).

Athugun Lilju Guðmundsdóttur (2021) bendir líka til þess að Íslendingar séu að meirihluta jákvæðir gagnvart kynhlutlausri málnotkun og nýyrðum um kynsegin fólk. Ungt fólk er þó almennt jákvæðara, og þótt við getum ekki vísað í rannsóknir eða tölur er tilfinning okkar sú að breytingin í átt að kynhlutlausri málnotkun sé mjög hröð um þessar mundir.

Á bls. 3 er vitnað í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar (2013) um hlutleysi karlkyns í almennum staðhæfingum eins og *Enginn má yfirgefa húsið* og *Allir græða á verðbólgunni*. Hins vegar kemur ekki fram að í endurskoðaðri gerð bókarinnar frá 2017 (<https://issuu.com/eirikurr/docs/ho>) er bætt við:

Á seinustu árum hefur þó komið fram sterk krafa frá mörgum um að reyna að breyta þessu og nota hvorugkyn í staðinn – segja *Engin mega yfirgefa húsið* (hér er eintalan *ekkert* ónothæf og nota verður fleirtölu í staðinn) og *Öll tapa á verðbólgunni*. Reynslan verður að skera úr um hvort þessi breyting gengur í gegn en það mun a.m.k. taka talsverðan tíma.

Í skýrslunni segir (bls. 3):

Málfræðilegt karlkyn er merkingarlega hlutlaust þegar um er að ræða óákveðin fornöfn, lýsingarorð eða töluorð sem ekki laga sig að neinu tilteknu nafnorði og vísa ekki heldur í tiltekna einstaklinga. Hvorugkyn er hins vegar ekki notað til að tákna kynhlutleysi samkvæmt íslenskri málhefð. Hvorugkynsorðmyndin *þau* táknar því ekki kynhlutleysi heldur vísar hún í blandaðan hóp karla og kvenna þegar vitað er hvaða fólk er um að ræða, sbr. dæmi (8).

Dæmi (8) er „*Þau* sem ætla í ferðalagið þurfa að láta vita fyrir morgundaginn.“ En hér er litið fram hjá því að margt fólk er þegar farið að nota *þau* í kynhlutlausri merkingu í setningum af þessu tagi. Það er vissulega rétt sem segir í skýrslunni (bls. 3): „Að breyta *þeir* í *þau* breytir merkingunni.“ En það er hins vegar ekki fyrir öllum sem merkingin breytist úr almennt (kynhlutlausri) merkingu í vísun til blandaðs hóps eins og sagt er í skýrslunni. Fyrir ýmsum breytist merkingin þvert á móti úr karlkynsmerkingu í kynhlutlausu merkingu.

Einnig má benda á að vísbendingar eru um að hvorugkyn fleirtölu geti verið sjálfgefið gildi í fleirtölusamræmi í íslensku almennt (sjá Þorbjörgu Þorvaldsdóttur 2019). Hvorugkyn er enn fremur hlutlaust kyn á sagnfyllingum þegar frumlag er í aukafalli – *Mér er kalt* en ekki **Mér er kaldur*.

Nýmæli í málfari sem stuðla eiga að kynhlutlausu máli

Aukin notkun hvorugkyns fleirtölu í stað karlkyns

Á bls. 4 eru tilfærðar fjórar umorðanir á setningum sem áður hafa verið nefndar, þ. á m. „*Fötluð* njóta ekki alltaf fullra réttinda“ og „*Öldruð* eru ekki alltaf höfð með í ráðum“. Sagt er að þessi dæmi „væru svo samkvæmt nýlegum tilraunum til að ná fram kynhlutleysi í máli“. Orðalagið má skilja svo að þetta sé eina leiðin til að ná fram kynhlutleysi í þessum dæmum. En miklu algengara mun vera að segja *Fatlað fólk nýtur ekki alltaf fullra réttinda* og *Aldrað fólk er ekki alltaf haft með í ráðum*. Þannig er hægt að gera setningarnar kynhlutlausar án þess að í nokkru sé vikið frá hefðbundinni málnotkun. Að þessu er einmitt vikið seinna í skýrslunni (bls. 14) þar sem segir: „Í ýmsum tilvikum er unnt að umorða setningar svo að þær brjóti ekki reglur íslensks málkerfis“. Þetta hefur verið kallað *forðun* (sjá t.d. Hildi Lilliendahl Viggósdóttur 2020 og Ragnhildi Sævarsdóttur 2021). Eðlilegt hefði verið að nefna þessa leið hér.

Ósamræmi milli málfræðilegs kyns nafnorðs og fornafns/lýsingarorðs

Í umfjöllun um ósamræmi milli málfræðilegs kyns nafnorðs og fornafns eða lýsingarorðs (bls. 5) er vitnað til Eiríks Rögnvaldssonar (2013) sem segir um tengsl nafnorðs og sagnfyllingar: „Ef stutt er þar á milli, virðist málfræðilegt kyn frumlagsins ráða kyni sagnfyllingarinnar; en ef langt er á milli, nær merkingarlega kynið oft yfirhöndinni.“ En ýmsar þekktar undantekningar eru frá þessu, t.d. *Foreldrar mínir eru skilin, Krakkarnir eru þæg* o.fl.

Aðalatriðið er þó að þetta virðist hafa verið að breytast á seinni árum, m.a. í tengslum við það að konur gegna nú ýmsum störfum sem eiga sér karlkyns starfsheiti og karlar unnu yfirleitt áður. Þannig er nú algengt að sagt sé *Ráðherrann er ný í starfi, Ráðherra var viðstödd umræðuna, Borgarstjóri var ánægð með kjarasamninginn, Borgarleikhússtjóri var hugrökk og stóð sig vel*, o.s.frv. Á bls. 14 í skýrslunni segir einmitt að í setningunni „Heilbrigðisráðherra er

ánægð með nýju reglugerðina“ sé „eðlilegt að nota lýsingarorð í kvenkyni þegar vísað er til persónu sem er kona eins og heilbrigðisráðherra Íslands er núna“.

Eitthvað er líka málum blandið þar sem segir (bls. 5): „Ósamræmi er algengara ef langt er á milli nafnorðsins og fornafnsins. Ef stutt er á milli virðist málfræðilegt kyn frumlagsins ráða kyni sagnfyllingarinnar en ef langt er á milli nær merkingarlega kynið oftast yfirhöndinni, sbr. Eirík Rögnvaldsson 2013:149.“ Hér er tveimur atriðum blandað saman. Í fyrri málsgreininni er verið að tala um tengsl nafnorðs og fornafns sem Eiríkur er ekki að fjalla um á tilvitnuðum stað – þar er hann aðeins að tala um tengsl nafnorðs og sagnfyllingar sem seinni málsgreinin fjallar um. Sem dæmi um það er svo tekin setningin „Nemendurnir eru í skólanum. Þau eru dugleg að læra“. Hún er dæmi um hið fyrra og er því óheppilega staðsett.

Að forðast að nota orðið *maður*

Á bls. 6 er vitnað í blaðagrein Láru Magnúsdóttur sem telji „varasamt að ýta orðinu maður til hliðar á þeirri forsendu að með notkun þess sé sérstaklega skírskotað til karla og að orðin *manneskja* og *fólk* geti sjaldnast komið merkingu orðsins maður fyllilega til skila“. Engar athugasemdir eða skýringar fylgja þessu þannig að eðlilegt er að álykta að skýrslan taki undir þetta.

Það er tæpast eðlilegt að vísa eingöngu í þessa grein en ekki ýmsar aðrar greinar og pistla þar sem aðrar skoðanir eru viðraðar, t.d. „Annar ófrískur, hinn á túr: Tilraunir til breytinga á tungumálinu í þágu jafnréttis“ eftir Hildi Lilliendahl Viggósdóttur (2020), „,,Verið öll velkomin“ Um birtingarmynd ójafnra valdatengsla kynja í íslensku tungumáli“ eftir Jónu Ástudóttur (2019), „Erum við öll menn?“ eftir Elínu Pjetursdóttur (2017), og ýmsa pistla eftir Eirík Rögnvaldsson, s.s. „Hvað merkir maður?“ (2021), „Maður, manneskja – eða man“ (2020), „Nýlenska“ (2021), „Að breyta máli“ (2021) og „Kynjamál“ (2020). Þar að auki væri hægt að dýpka fræðilegu umræðuna með vísan í rannsóknir á úrvinnslu orða sem hafa fleiri en eina merkingu (e. *polysemy processing*) (sjá t.d. <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fpsyg.2018.00192/full>).

Starfsheiti

Á bls. 6 er vísað til greinar Eiríks Rögnvaldssonar á Vísindavefnum (<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=81045>) þar segir:

Það er hins vegar ekki sérlega góð lausn að setja *-kona* í stað *-maður*, eða búa til kvenkynsform eins og *-stýra* í stað *-stjóri*. Í fyrsta lagi breytir það engu fyrir kynsegin fólk – kvenkynsorðin höfða ekkert frekar til þess. Í öðru lagi er ekki hentugt að starfsheiti fari eftir kyni þess einstaklings sem gegnir starfinu. Með því er gefið í skyn að eðli starfsins sé mismunandi eftir því hvort um er að ræða karl, konu eða kvár (nýyrði um kynsegin einstakling).

Þetta er eina tilvísunin í umrædda grein (fyrir utan ábendingu um að *manneskja* sé ekki að öllu leyti heppilegt sem kynhlutlaust orð) og út frá henni mætti ráða að sú grein væri neikvæð í garð kynhlutlausrar málnotkunar. Svo er þó alls ekki. Þar er t.d. sagt:

Það er vitaskuld æskilegt að almenn sátt sé í málsamfélaginu um merkingu og notkun orða. Það er vitað að mörgum konum og kynsegin fólki finnst karlkyns starfsheiti, sérstaklega þau sem enda á *-maður*, ekki höfða nægilega til sín, og vegna hinnar tvöföldu merkingar orðsins *maður* er það skiljanlegt. Þess vegna væri æskilegt að nota hlutlausari orð [...]. Að mínu mati er skynsamlegasta leiðin – og raunar eina leiðin – að láta málsamfélagið um þetta en reyna ekki að miðstýra því. Ef almennur vilji er til að breyta þessu breytist það smátt og smátt.

Þessi orð í niðurlagi greinarinnar á Vísindavefnum lýsa andanum í henni mun betur en þau sem vitnað er til í skýrslunni. Hér hefði líka verið eðlilegt að nefna að iðulega er orðið *fólk* og samsetningar af því (*starfsfólk*, *verkaþólk*, *hestafólk*, *lögreglufólk*, *björgunarþólk*) notað í stað fleirtölnnar *menn* og samsetninga með henni. Þótt slíkar samsetningar með *-fólk* hafi verið harðlega gagnrýndar (Vala Hafstað 2021) eiga margar þeirra sér langa hefð (sjá <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/16/nylenska/>).

Innleiðing nýs persónufornafns (hán)

Í umfjöllun um fornaðnið *hán* á bls. 7 segir:

Þrátt fyrir að margir kynsegin einstaklingar séu ekki hrifnir af notkun hvorugkyns fornaðnsins *það* þá virðist annað gilda um fleirtölu orðsins. Ekkert þykir því til fyrirstöðu að fleirtala orðsins *hán* sé *þau*. Skýringin á því hvers vegna fleirtölumyndin *þau* er nothæf í huga kynsegin fólks en ekki eintölu myndin *það* getur verið sú að algengara er að vísa til fólks af báðum kynjum með þeirri orðmynd (sbr. *feðgin*, *hjó*).

Í fyrsta lagi mætti túlka tóninn í tilvísuninni á þá leið að verið sé að gera lítið úr málflutningi kynsegin fólks með því að benda á „mótsagnir“ í röksemdafærslum. Þetta er óheppilegt. Hér er auk þess leitað langt yfir skammt um skýringu á því að ekkert er athugavert við fleirtöluna *þau*. Það er ekki vegna þess að „algengara“ sé að vísa til fólks af báðum (eða réttara sagt öllum) kynjum með þeirri orðmynd, heldur vegna þess að *þau* er eina hugsanlega orðmyndin til að nota um hóp sem í er fólk af mismunandi kynjum og þess vegna hefur orðið ekki á sér neinn neikvæðan blæ.

Í umfjöllun um lýsingarorð með *hán* á bls. 7 er vitnað í grein eftir Jyl Josephson og Þorgerði Einarsdóttur (2016) sem „segja að sagnfylling í hvorugkyni geti hljómað undarlega í íslensku“. Það er aðeins rétt að því marki að við erum ekki vön því að fólk tali um sjálf sig í hvorugkyni. En þegar hvorugkynsnafnorð eru notuð um fólk er að sjálfsögðu eðlilegt og algengt að sagnfylling sé einnig í hvorugkyni þótt kyn þeirra sem um er rætt ráði líka oft kyni hennar – *barnið er svangt, skáldið var bratt/brött/brattur og ánægt/ánægð/ánægður með lífið*, o.s.frv. Rétt er að athuga að þarna er um að ræða fimm ára gamla grein og *hán* og orðanotkun kringum það hefur fest sig verulega í sessi á þeim tíma sem liðinn er frá því að hún var skrifuð.

Í sömu umfjöllun er einnig vitnað í Öldu Villiljós um það að ekki noti „allir kynsegin einstaklingar lýsingarorð um sig í hvorugkyni (*ég er svangt* o.s.frv.)“ heldur láti „duga að nota áfram lýsingarorð um sig í kvenkyni eða karlkyni, jafnvel sitt á hvað“. Þetta kann út af fyrir sig að vera rétt, en er alls ekki það sem Alda segir. Hún talar annars vegar um að sumar hvorugkynsmyndir lýsingarorða hljómi ankannanlega, t.d. *satt*, af *saddur*, vegna þess að það fellur saman við hina miklu algengari mynd *satt* af *sannur*. Hins vegar segir hán:

En það er líka hægt að tala í kringum hlutina þannig að þeir verði ekki jafn kynjaðir. [...] Ég geri það oft þegar ég nenni ekki að útskýra þetta fyrir einhverju fólki, þá tala ég í kringum hlutina. Í staðinn fyrir að nota hvorugkyns orð eins og t.d. „Ég er svangt“ segi ég bara að mig langi í eitthvað að borða.

Þetta er augljóslega allt annað en sagt er í tilvitnuðum texta í skýrslunni.

Sérkenni íslensks málkerfis og kynhlutlaus málnotkun

Á bls. 7 segir: „Ekki er sjálfgefið að aðferðir sem hafa þótt henta í ensku og Norðurlandamálunum henti einnig í íslensku.“ Þetta er auðvitað alþekkt og er einmitt ástæðan fyrir því að til að auka kynhlutleysi í málinu þarf að finna upp nýjar leiðir í stað þess að flytja aðferðir inn. En þarna segir einnig: „Í íslensku er þar af leiðandi flóknara að útfæra kynhlutleysi, t.d. hvað varðar sagnfyllingar.“ Ekki er skýrt hvernig þetta sé „flóknara“ í íslensku enda er fráleitt að halda því fram. Meginreglan í íslensku er sú að sagnfylling þiggur kyn sitt frá frumlaginu (með þeirri undantekningu sem áður er nefnd, að stundum er notuð merkingarleg sambeyging í stað málfræðilegrar). Það gildir um öll kyn – líka hvorugkynsnafnorð og fornöfn.

Í samanburði á dæmum úr sænsku og íslensku er sett spurningarmerki á undan *?skemmtilegt* í setningunni „Hán er kul – hán er *?skemmtilegt*“, eins og því fylgi einhver vandkvæði að nota hvorugkynið þarna. En það er misskilningur eins og rakið var hér að framan. Hvorugkyn á sagnfyllingu með *hán* er fullkomlega í samræmi við málkerfið, rétt eins og hvorugkyn á sagnfyllingu með öðrum hvorugkynsorðum – við segjum *barnið er skemmtilegt, skáldið er skemmtilegt, það er skemmtilegt*. Það eru vissulega ýmis vandkvæði við að gera íslensku kynhlutlausu en notkun sagnfyllinga er ekki þar á meðal. Þvert á móti má segja að þetta sé gott dæmi um það hvernig íslenskt málkerfi hentar að sumu leyti vel fyrir kynhlutlausu málnotkun, af því að við höfum hvorugkynið. Eins og minnst var á í bréfinu hér ofar er auk þess hægt að leita lengra en til Norðurlandamálanna og ákveðin fræðileg skammsýni fólgin í því að setja upp beygingakerfi íslenskunnar upp sem sérstaka hindrun sem fylgi ekki öðrum málsamfélögum.

Íhugunarefni tengd auknu kynhlutleysi í íslensku

Óskýrt mál getur valdið misskilningi

Á bls. 8 eru raktar röksemdir úr pistli eftir Katrínu Axelsdóttur sem er mjög neikvæður í garð kynhlutlauss máls, en hvorki borið við að nefna rök fyrir kynhlutlausu máli né leitast við að skilja málstað þeirra sem telja karlkynið óheppilegt í hlutleysismerkingu. Þetta er þá enn eitt dæmi um einhliða efnistöð skýrslunnar.

Þegar sumir hafa tekið upp kynhlutlaust mál en aðrir ekki getur það valdið misskilningi þar sem þeir sem hafa ekki tileinkað sér kynhlutlaust málfar geta átt erfitt með að túlka breytta notkun hvorugkynsins.

Raunar virðist þessi umræða um meintan óskýrleika breyttrar málnotkunar ganga þvert á það sem segir á bls. 4 að dæmi eins og „*Fjórir* slösuðust í árásinni“ og „Ég pantaði borð fyrir *þrjá*“ geti „verið tvíræð, þ.e. annars vegar að aðeins sé átt við fjölda en hins vegar er einnig mögulegt að eingöngu sé um karla að ræða“. „Hlutlaust karlkyn“ getur nefnilega líka valdið misskilningi, einnig meðal þeirra sem þekkja og nota aðeins hefðbundna málnotkun. Við vitum ekki hvort í karlkynsmyndum dæma á borð við *fjórir látnir* er um að ræða karlkyn sem vísar aðeins til karla

eða karlkyn sem vísar til hvaða samsetningar sem er. En sú tvíræðni eða misskilningur sem hefðbundin málnotkun býður upp á virðist þykja í lagi, en ekki sú sem talin er hljótast af kynhlutlausu máli. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að gera slíkan mun.

Á bls. 8 segir einnig: „Lagatextar eru dæmi um texta sem mikilvægt er að séu skýrir og ótvíræðir. Þar hefur hefðin verið skýr, þ.e. hefðbundin hlutlaus notkun málfræðilegs karlkyns þar sem kyn er ekki tilgreint.“ En vandséð er að dæmi sem tekið er, „Rétt til að nýta sér þjónustu teyma skv. 12. og 13. gr. eiga *þeir* sem eru *sjúkratryggðir* samkvæmt lögum um sjúkratryggingar“, yrði misskilið eða skilið á annan veg þótt þarna stæði „*þau* sem eru *sjúkratryggð*“.

Íslenskir lagatextar eru vissulega misjafnlega skýrir og skiljanlegir (sjá https://www.hi.is/vissindin/er_lagamal_oskiljanlegt) en tæplega er hægt að halda því fram að notkun hvorugkyns sem hlutlauss kyns í stað karlkyns geri þá torskildari. Raunar virðist hræðslan við misskilning fremur beinast í hina áttina, þ.e. að ef hvorugkyn yrði tekið upp sem hlutlaust kyn í lagamáli væri hætt á að fólk misskildi lagatexta þar sem karlkyn er notað og teldi þá eingöngu vísa til karlmannna. Þannig segir á bls. 10: „Það mun sennilega auka óskýrleika að ekki sé samræmi í lögum að þessu leyti og hætt er við misskilningi ef landsmenn skilja fornafnamyndirnar *sá, hann, þeir, þau* og *allir* á ólíka vegu.“ Við þetta er margt að athuga.

Í fyrsta lagi er þegar ósamræmi í lögum hvað þetta varðar eins og bent er á í skýrslunni sjálfri (bls. 9). Í öðru lagi er ákaflega ólíklegt að jafnvel það fólk sem finnst karlkynsmyndir lýsingarorða og fornafna ekki höfða til sín líti svo á að karlkynsmyndir í lagamáli vísi eingöngu til karlmannna. Fólk veit að lög eru almenn og vísa yfirleitt ekki eingöngu til eins kyns, nema í afmörkuðum málum þar sem vísunin er augljós. Það hefur a.m.k. ekki vafist fyrir löggjafanum hingað til að gera ráð fyrir að lagagreinin „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun“ (í Almennum hegningarlögum) væri skilin kynhlutlaust. Í þriðja lagi er þá einfaldlega hægt að ganga á lög og breyta þeim, ef einhvers staðar þykir hætt á misskilningi. Þar eð hlutverk Íslenskrar málnefndar er að „veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli“ væri eðlilegt að hún kæmi með ábendingar um slíkt.

Kynlaust málfar eða ómarkað karlkyn?

Á bls. 10 segir:

Enda þótt hugmyndin með kynhlutlausu máli sé einmitt að það sé ekki útilokandi og feli ekki í sér misrétti verður að hafa að í huga að slíkt mál getur einnig verið torsótt og framandi fyrir þá sem ólust upp við aðra málvenju, hafa tileinkað sér hana og eiga ekki létt með að skipta um málfar.

Hér er eiginlega undirliggjandi að sú útilokun og það misrétti sem mörgum finnst vera í hefðbundinni málnotkun sé á einhvern hátt skárri en það sem felst í notkun karlkyns í hlutleysismerkingu.

Á bls. 10 segir einnig:

Hin nýja málbeiting getur orðið stéttbundin og skil myndast milli þeirra sem tala hefðbundið mál og kynhlutlaust mál. Þegar hafa komið fram dæmi þess að þeir séu gagnrýndir sem tala hefðbundið mál.

Vissulega er hægt að finna einhver dæmi þess „að þeir séu gagnrýndir sem tala hefðbundið mál“. Þau dæmi eru þó aðeins dropi í hafið miðað við alla þá gagnrýni sem dunið hefur og dynur enn á þeim sem víkja frá málstaðlinum á annan hátt en eru þó einungis að tala það mál sem þeim er eiginlegt og hafa tileinkað sér á máltökuskeiði. Eina dæmið sem nefnt er í skýrslunni um gagnrýni fyrir karllæga málnotkun varðar blaðagrein sem dómsmálaráðherra skrifaði um viðkvæm mál á verksviði ráðuneytis hennar – grein þar sem karlkyn var notað í hlutleysismerkingu þótt vísunin sé langoftast til kvenna („Þeir sem kæra kynferðisafbrot [...].“). Þetta var sem sé texti sem ráðherrann skrifaði sem ráðherra, ekki sem almennur málnotandi.

Þetta tengist þeim skilningi sem víða ber á í skýrslunni að stefnu um kynhlutlaust mál sé ætlað að ná til venjulegrar málnotkunar almennra málnotenda. En í inngangsorðum skýrslunnar kemur fram að tilefni hennar er erindi frá málnefnd Stjórnarráðsins sem spratt af fyrirspurn til forsætisráðherra á Alþingi „um hvort tilefni væri til að móta stefnu um kynhlutlausu málnotkun sem auk þess að ná til íslensks lagamáls fæli í sér hvatningu til stofnana hins opinbera um kynhlutlaust mál í formlegum texta“. Á bls. 10 segir:

Þetta dregur athygli að spurningunni um hvort einstaklingar hafi rétt til að beita eigin móðurmáli og þurfa [svo] ekki að taka upp nýtt málfar (hér: kynhlutlaust málfar) sem þeim er ekki tamt. Auk þess getur tæpast talist jákvætt að fólk verði fyrir aðkasti fyrir að nota það mál sem því er tamt. Krafa um kynhlutlaust málfar getur einnig leitt til málótta hjá þeim sem eru ókunnugir því.

Þetta er spurning sem vitaskuld mætti spyrja í öðru samhengi, í ljósi þess hvernig hefur verið amast við því áratugum saman að fólk beiti eigin móðurmáli og þrýst á það að taka upp nýtt málfar sem því er ekki tamt – segja *mig langar, ég vil, hitta lækinn* o.s.frv. Fólk hefur sannarlega lengi orðið fyrir aðkasti fyrir að tala mál sem því er tamt og vitanlega er það ekki jákvætt þótt segja megi að það sé seint í rassinn gripið hjá Íslenskri málnefnd að benda á það. Eina dæmið sem nefnt er í skýrslunni er sú gagnrýni á dómsmálaráðherra sem vísað er til hér að framan og þótt vitanlega sé full ástæða til að fordæma hana harðlega er allt tal um „málótta“ í þessu sambandi órökstutt.

Vitaskuld hefur fólk rétt til að beita því máli sem það hefur tileinkað sér í allri persónulegri málnotkun. En öðru máli gegnir um opinber skrif. Það þykir t.d. eðlilegt að krefjast þess að farið sé eftir stafsetningarreglum sem Íslensk málnefnd setur í opinberum stofnunum og plögguum, og þegar fólk skrifar opinbera texta er yfirleitt ætlast til þess að þar sé fylgt ákveðnu málsniði sem ekki er alltaf í samræmi við eðlilegt mál þeirra sem skrifa textana. Það sem hér um ræðir er sama eðlis.

Samhengið í íslenskri málsögu

Á bls. 11-12 er rætt um mikilvægi samhengis í íslenskri málsögu. Þar segir:

Ef kynhlutlaust mál yrði regla án undantekninga skapast augljóslega hætta á að málfar fyrri kynslóða og einnig þorra núlifandi manna verði torskildara í framtíðinni. Þar má nefna þann nýja skilning að fornöfnin *sá, þeir, allir, nokkrir* og *sumir* eigi eingöngu við karlkyn.

Öllum sem lesa eldri texta er væntanlega ljóst að málið hefur tekið ýmsum breytingum og mörg orð hafa nú aðra merkingu en þau höfðu áður. Oftast nægir samhengið okkur þó til að gefa orðunum þá túlkun sem við á. Engin ástæða er til að ætla annað en svo yrði einnig í þessu tilviki

Þótt sjálfsagt sé að fjalla um þetta sjónarmið. Þar fyrir utan virðist hér liggja á bak við sá mis-
skilningur að breyting yfir í kynhlutlaust mál sé ákvörðun sem hægt sé að taka – eða taka ekki.
En málið er þegar á hraðri ferð í átt til kynhlutleysis meðal almennra málnotenda vegna þess að
fólk velur það sjálft jafnvel þó að sum sem hafa forréttindastöðu gagnvart málfarsráðgjöf séu
eindregið á móti þessari þróun.

Tungumálabreytingar með opinberu átaki

Á bls. 12 segir:

Kynhlutlaust mál tengist samfélagslegri þróun og er sprottið úr henni. Stóra spurningin
er hvort hún sé nú þegar nógu víðtæk til að stjórnvöld geti haft forgöngu að stórtækum
málbreytingum án þess að það valdi sársauka og flækjum.

Eins og hér hefur verið lögð áhersla á er vafasamt að tala um að stjórnvöld hafi „forgöngu að
stórtækum málbreytingum“, heldur eingöngu verið að tala um málfar opinberra texta. Það er
vel hægt að skrifa lög og aðra texta þannig að verulega sé dregið úr karllægni án þess að gengið
sé á svig við hefðbundna málnotkun.

Á bls. 12 segir einnig:

Fremur ólíklegt er að breyting úr hefðbundnu máli yfir í kynhlutlaust mál gengi hratt og
vandráðalaust fyrir sig. Til samanburðar má benda á að mikið hefur verið reynt að
útrýma þágufallshneigð úr íslensku en rannsóknir sýna að notkun þágufalls í stað
nefnifalls eða þolfalls með sögnum á borð við *langa*, *vanta*, *hlakka* er enn algeng um
allt land.

Það er ljóst að umrædd breyting, ef hún gengur í gegn, hlýtur að taka töluverðan tíma og fela í
sér tilbrigði sem gætu orðið stöðug eins og í tilviki þágufallshneigðar. En hér skal enn og aftur
lögð áhersla á að ekki er verið að tala um að þrýsta á almenna málnotendur eða þvinga þá til að
breyta máli sínu. En rétt eins og þeim sem skrifa lög og aðra opinbera texta er uppálagt að nota
þolfall með *langa* og *vanta*, án þess að nokkrum þyki ástæða til að hafa áhyggjur af því að sá
stóri hluti þjóðarinnar sem notar þágufall með þessum sögnum misskilji textann, þá ætti að vera
hægt að fela þessum textaskrifurum að skrifa kynhlutlaust mál.

Hvaða leiðir er hægt að fara þegar stefnt er að kynhlutlausu máli?

Umorðun

Á bls. 14 segir að dæmið „*Öll velkomin“ þar sem *öll* er stjörnumerkt sem ótækt mál „sam-
ræmist ekki íslenskri málhefð þar sem óákveðin fornöfn og lýsingarorð standa ekki sérstæð í
hvorugkyni fleirtölu“. Þarna virðist liggja að baki sú hugsun að „íslensk málhefð“ sé ein og
óbreytanleg. Hins vegar er sambandið *öll velkomin* orðið svo algengt í hvers kyns auglýsingum
og tilkynningum að trúlegt er að það sé hætt að brjóta í bága við málkennd ýmissa. „Við erum
vön því að allir séu boðnir velkomnir en það hefur vanist furðufljótt að heyra, og nota, öll
velkomin“ var sagt í Málfarsmínúttunni í Ríkisútvarpinu árið 2017 (<https://www.ruv.is/frett/oll-velkomin>), og dæmunum hefur fjölgað mjög síðan þá. Það er hægt að halda því fram að þarna
sé orðin til ný hefð, þótt sú eldri lífi vitaskuld góðu lífi jafnhliða hinni.

Það hefur einnig verið bent á að Vinstrihreyfingin – grænt framboð breytti styttingunni á heiti sínu úr *Vinstri grænir* í *Vinstri græn* kringum 2006, þótt þar væri ekki um formlega ákvörðun að ræða, og eftir það hefur dæmum um karlkynið farið smátt og smátt fækkandi en dæmum um hvorugkynið fjölgað að sama skapi, í rituðum textum a.m.k. (<https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/20/vinstri-graen/>). Þrátt fyrir hefðbundið hlutleysi karlkynsmynda lýsingarorða virðast málnotendur því orðnir vanir hvorugkyninu í þessu sambandi og nota það.

Lokaorð

Í upphafi lokaorða á bls. 15 segir:

Ljóst er að krafan um kynhlutleysi í máli tengist sjálfsmynd einstaklinga og hópa sem hafa staðið höllum fæti í samfélaginu. Samfélagslega mikilvægið er því skýrt fyrir þann hluta samfélagsins.

Undir þetta tókum við heils hugar. En því sem á eftir fer af lokaorðunum er varið í að tína til ýmis vandkvæði á kynhlutlausu máli, í stað þess að veða og meta á hlutlausan og fræðandi hátt möguleikana til að koma því á – sem ætla mætti út frá upphafsorðunum að þætti æskilegt. Þannig segir (bls. 15):

Allar opinberar tilraunir til málstýringar kalla á opinbera fjárfestingu og einsætt er að ekki verður hægt að innleiða kynhlutlaust mál án kostnaðar. Það kostar bæði vinnu og fjármuni að breyta íslensku lagamáli og gera það kynhlutlaust.

Það er varla hlutverk þessarar skýrslu að draga úr áhuga stjórnvalda á kynhlutlausu máli með því að benda á kostnað sem því fylgi. Vitanlega er það rétt að þessu fylgir einhver kostnaður. Þannig er það jafnan með hvers kyns réttarbætur.

Enn fremur segir:

Ef kynhlutlaust mál á að ná til alls samfélagsins þarf það að ná til allra þátta skólakerfisins. Það er því mikilvægt að leitað verði samráðs við skólakerfið. [...] Hætt er við óreiðu ef hverjum og einum íslenskukennara yrði í sjálfsvald sett hvort hann kenni nemendum sínum hefðbundna kynjanotkun eða taki upp kynhlutlaust mál í einhverri mynd.

Hér eru ýmsar hæpnar forsendur. Eins og áður segir var tilefni skýrslunnar fyrirspurn um kynhlutleysi í lagamáli. Kynhlutlaust mál sem nær til alls samfélagsins er annar handleggur. Þar virðist vænlegast að láta málsamfélagið sjá um breytinguna, eins og það er nú byrjað á. Hlutverk opinberra aðila er síðan hægt að ræða um, en það gæti t.a.m. verið lýsandi, fræðandi og hlutlaust frekar en boðandi og einhliða. Það er engin þörf á að kennarar kenni nemendum sínum hvernig eigi að tala eða reyni að breyta málfari þeirra. Hins vegar er sjálfsagt að kennarar fræði nemendum um kynhlutlaust mál.

Einnig segir (bls. 15): „Óvíst er hvort takist að venja þjóðina á kynhlutlaust mál með átaki [...]“. Við vitum ekki til þess að nokkrum hafi dottið í hug að efna til einhvers sérstaks átaks til „að venja þjóðina á kynhlutlaust mál“. Talsverður munur er á því og umræðu um mál í lögum og öðrum opinberum skjölum.

Enn fremur segir (bls. 15):

Ef illa gengur að ná breytingum fram getur það leitt til misskilnings milli þeirra sem fylgja íslenskri málvenju og hinna sem vilja taka upp kynhlutlaust málfar. Það gæti enn fremur aukið stéttskiptingu í málfari.

Það hafa ekki heldur verið færð sterk rök að einhverri sérstakri hættu á misskilningi eða stéttskiptingu af þessum sökum. Ef sú hættu er raunveruleg er hún þegar fyrir hendi vegna þess að þróun í átt til kynhlutlauss máls er hafin og verður tæpast stöðvuð. Hins vegar er sérkennilegt að hafa sérstakar áhyggjur af stéttskiptingu þegar kemur að kynhlutleysi í máli, í ljósi þess að hér hefur lengi verið rekin hörð málstýring og barátta gegn nýjungum í máli án þess að málfarsyfirvöld hafi talið það stuðla að stéttskiptingu – raunar þvert á móti. Þrátt fyrir það er eðlilegt að fjalla um eðli málstýringar og þess menningarauðs sem fólgin er í forskrift hvaðan sem hún kemur. Í skýrslu eins og þessari þarf þó að gæta þess að gera ekki lítið úr réttindabaráttu jaðarsettra hópa með því að setja upp baráttumál þeirra sem mögulegt óréttlæti gagnvart hópum sem njóta mun meiri forréttinda.

Í framhaldi af þessu segir:

Í íslenskri málstefnu er áhersla lögð á að gera öllum sem tala íslensku jafn hátt undir höfði og gæta þess að málnotkun sé ekki útilokandi. Notkun málfræðilegs karlkyns hefur verið gagnrýnt [svo] fyrir að vera útilokandi en einnig er talsverð hættu á að mörgum málhöfum reynist erfitt að tileinka sér kynhlutlaust mál sem er ekki í samræmi við almenna málnotkun og málhefð.

Hér virðist vera mótsögn milli íslenskrar málstefnu og þeirrar afstöðu sem tekin er í skýrslunni. Vegna áherslu málstefnunnar á að málnotkun sé ekki útilokandi hefði mátt búast við að skýrslan tæki afstöðu með kynhlutlausri málnotkun, enda hefur ekki verið sýnt fram á að hún sé útilokandi fyrir fólk sem er vant notkun karlkyns í hlutleysismerkingu.

Lokaorð skýrslunnar eru:

Breyting yfir í kynhlutlaust mál er alls ekki einföld í framkvæmd. Engar einfaldar lausnir eru til og snúið er að gera svo öllum líki.

Þetta er hárrétt. Þess vegna er mikilvægt að sýna umburðarlyndi og virðingu fyrir öðru fólk og málnotkun þess (<https://uni.hi.is/eirikur/2019/10/18/kynusli/>):

Þau sem vilja hafna karlkyni sem ómörkuðu kyni þurfa að hafa í huga að við erum flest alin upp við að karlkynið hafi þetta hlutverk, og í þeirri málnotkun felst engin karlremba. Þau sem vilja halda í karlkynið sem ómarkað kyn þurfa að sýna því skilning að ýmsum finnst karlkynið eingöngu vísa til karlmanna og þar með vera útilokandi. Málið þolir alveg að mismunandi málvenjur séu í gangi samtímis.

Nokkrar heimildir sem ekki er vísað til í skýrslu um kynhlutlaust mál

- Ásta Svavarsdóttir. 2018. Baráttan um tungumálið: Gleðikonur, gleðimenn og annað fólk. <https://www.arnastofnun.is/is/greinar/barattan-um-tungumalid-gledikonur-gledimenn-og-annad-folk>
- Baldur Hafstað. 2021. Afkynjun íslenskunnar. *Morgunblaðið* 24. apríl.
- Baldur Hafstað. 2021. Títuprjónarnir á RÚV. *Morgunblaðið* 7. ágúst.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Hán. <https://uni.hi.is/eirikur/2019/08/18/han/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Kynusli. <https://uni.hi.is/eirikur/2019/10/18/kynusli/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020. Kynjamál. <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/16/kynjamal/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020. Maður, manneskja – eða man? <https://uni.hi.is/eirikur/2020/11/21/madur-manneskja-eda-man/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020. Mál í takt við tímann. <https://uni.hi.is/eirikur/2020/02/08/mal-i-takt-vid-timann/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020. Vinstri græn. <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/20/vinstri-graen/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Að breyta máli. <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/14/ad-breyta-mali/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Afkynjun íslenskunnar. <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/12/afkynjun-islenskunnar/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Fimm sjónarmið um kynjahalla í tungumálinu. <https://uni.hi.is/.../fimm-sjonarmid-um-kynjahalla-i.../>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Hvað merkir maður? <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/13/hvad-merkir-madur/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Kynhlutlaus nöfn. <https://uni.hi.is/eirikur/2021/04/28/kynhlutlaus-nofn/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Nýlenska. <https://uni.hi.is/eirikur/2021/05/16/nylenska/>
- Elín Pjetursdóttir. 2017. Erum við öll menn? <https://kthbavdblog.wordpress.com/2017/09/26/erum-vid-oll-menn/>
- Elísabet Rún Þorsteinsdóttir. 2021. Kvár. BA-verkefni í hönnun, LHÍ. <https://skemman.is/handle/1946/39117>
- Erna Kristín Stefánsdóttir. 2018. „Ef Guð er karlmaður, þá er karlmaðurinn Guð.“ Áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl. Lokaritgerð til embættisprófs í guðfræði. <https://skemman.is/handle/1946/29872>
- Gísli Sigurðsson. 2021. Kynbundið orðfæri. *Morgunblaðið* 22. maí.
- Gísli Sigurðsson. 2021. Kapólskari en páfinn. *Morgunblaðið* 4. september.
- Helga Hilmisdóttir. 2020. Occupational titles and personal pronouns: hann and hún as subsequent forms in Icelandic conversation. *Gender & Language* 14/2: 152–174. <https://doi.org/10.1558/genl.37191>

- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. 2020. Annar ófrískur, hinn á túr: Tilraunir til breytinga á tungumálinu í þágu jafnréttis. BA-ritgerð í íslensku. <https://skemman.is/handle/1946/36955>
- Höskuldur Þráinsson. 2021. Umboðsmaður Alþingis og verkaskipting kynjanna. *Morgunblaðið* 29. maí.
- Isidora Glisic. 2020. Konur, menn og fólk. Samanburður á kynjakerfi í íslensku og serbnesku og breytingar á þeim í ljósi femínískrar málstýringar. BA-ritgerð í íslensku sem öðru máli. <https://skemman.is/handle/1946/34828>
- Jóna Ástudóttir. 2019. „Verið öll velkomin.“ Um birtingarmynd ójafnra valdatengsla kynja í íslensku tungumáli. BA-ritgerð í mannfræði. <https://skemman.is/handle/1946/32799>
- Lilja Guðmundsdóttir. 2021. Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar: Félagsfræðileg rannsókn. BA-ritgerð í félagsfræði. <https://skemman.is/handle/1946/38407>
- Lovísa Guðlaugsdóttir. 2020. „Bóndinn var ánægður.“ Tengsl málfræðilegs kyns og staðalmynda í mati á nafnorðum um fólk. BA-ritgerð í íslensku. <https://skemman.is/handle/1946/34678>
- Ragnhildur Sævarsdóttir. 2021. Tímarnir breytast og málbeiting með: Hvernig birtist kynhlutlaust mál í íslensku? BA-ritgerð í íslensku. <https://skemman.is/handle/1946/39898>
- Vala Hafstað. 2021. Í geldingadölum íslenskunnar: opið bréf til útvarpsstjóra. *Fréttablaðið* 11. maí.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2019. Agreement with conjoined singular noun phrases in Icelandic. *Glossa: a journal of general linguistics* 4(1): 53. 1–33. <https://doi.org/10.5334/gjgl.696>